



# Fundargerð 285.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 14. febrúar 2024 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á Svalbarðseyri.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson. Ásrún tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Breyting á stjórn HN.

Á fundi bæjarstjórnar Akureyrarbæjar þann 19. desember 2023 var lögð fram tillaga Huldu Elmu Eysteinsdóttur L-lista um breytingu á skipan fulltrúa í stjórn Hafnasamlags Norðurlands. Andri Teitsson verður aðalmaður í stað Jóns Þorvaldar Heiðarssonar. Jóni eru þökkuð góð störf fyrir Hafnasmlagið jafnframt sem Andri er boðinn velkominn.

### 2. Bráðabirgða niðurstaða rekstrar fyrir árið 2023.

Hafnarstjóri kynnti bráðabirgða niðurstöðu rekstrar fyrir árið 2023. Enn liggur ekki fyrir endurskoðaður ársreikningur en stefnt er að því að hann verði lagður fyrir stjórn í apríl n.k. Ljóst að rekstarniðurstaðan verður umfram áætlanir.

### 3. Tölulegar staðreyndir.

Hafnarstjóri fór yfir tölulegar staðreyndir úr rekstri HN frá 2000 til 2023.

### 4. Hafnasambandsþing 2024

Hafnasmlag Norðurlands er gestgjafi hafnasambandsþings 2024. Þingið verður haldið dagana 24. og 25. október n.k. í Hofi. Hafnasmlagið er í krafti veltu með a.m.k. 5 fulltrúa á þinginu.

### 5. Horfur vegna skemmtiferðaskipa 2024

Hafnarstjóri fór yfir horfur varðandi komur skemmtiferðaskipa til hafna HN. Eins og staðan er núna er reiknað með 9 færri skipakomum til Akureyrar en sumarið 2023. Skipin sem heimsækja Grímsey verða 52 í stað 48 og til Hríseyjar koma 10 skip í stað 8 skipa sumarið 2023.

### 6. Dysnes

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi Dysnes.



### 7. Erindi frá sóknarnefnd Akureyrarkirkju.

Borist hefur erindi frá sóknarnefnd Akureyrarkirkju þar sem óskað er eftir stuðningi Hafnasamlags Norðurlands til að fjármagna framkvæmdir við þak safnaðarheimilisins. Jafnframt er þakkað fyrir árlegan styrk HN við rekstur salernis í Akureyrarkirkju. Hafnastjórn getur ekki orðið við því að veita styrk til viðhalds á fasteignum kirkjunnar. Varðandi rekstur salerna í Akureyrarkirkju samþykkir hafnarstjórn að styrkja sóknarnefnd fyrir sumarið 2024 um 300.000.-

### 8. Önnur mál.

Engin önnur mál.

### Fundagerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.45

Inga Dís Sigurðardóttir formaður

---

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

---

Axel Grettisson ritari

---

Ásrún Ýr Gestsdóttir

---

Andri Teitsson

---

Ólafur Rúnar Ólafsson

---

Sverre Jakobsson

---

Þröstur Friðfinnsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---